

En eigum vér þannig enn þá að ganga á móti vetri? Á sól-  
arroði haustkvöldsins að eins að vera deyjandi dagsrönd, sem  
boði missirislanga nótt, eða hver veit hvað langa? Fáum vér  
ekki heyrt sönginn „í einhvern svo fjarlægum heim“? Getum  
vér ekki „fylst hrolli af hljóði því, sem haustsins þunga býr  
rómi í“, eins og það nú horfir við oss? Ógnar oss ekki „ógnar  
tómíð eftir hvern liðinn dag“?—Þótt vetrarnóttin sé löng, þá er  
vetrarhimininn oft bjartur. Blyskyndlar norðurljósanna og  
stjarnanna óteljandi lýsa. Geislabrot þeirra glitra og endur-  
speglast jafnvel í hjarninu og vetrarfönninni. Ætti það ekki  
að koma oss, að minsta kosti, til þess að líta upp? já, upp og  
fram. Að horfa eftir ljósinu að ofan, og horfa eftir því, horfa  
eftir því lengur og lengur, unz bregður svolítilli birtu yfir hug-  
skot vor. Örltill geisli að ofan getur gert oss bæði leiðina,  
og æfina, skýrari og hægrataðri, þar til betur birtir. Það sé  
haustþankar vorir, það sé ásetningur vor. „Enga vængi á eg  
til“, en fram, fram samt. Notum fæturna fyrst vér eigum ekki  
vængi.



## Tvö kvæði.

EFTIR

Sig. Júl. Jóhannesson.



### Til „Heimismanna.“

Eg starfsmenn sé við hleðslu hárra veggja,  
þá hindrar ekki framur stormur neinn,  
og þar eg feginn völu vildi leggja,  
sem verða mætti lítilla skorðu-steinn.